

Foreldrafélag Menntaskólans í Reykjavík

Samþykktir

1. gr. Heiti félags

Félagið heitir Foreldrafélag Menntaskólans í Reykjavík og er foreldraráð skv. 50. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

2. gr. Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Menntaskólanum í Reykjavík við Lækjargötu 7, 101 Reykjavík.

3. gr. Tilgangur og markmið

Tilgangur félagsins er að leitast við að bæta skilyrði og aðstæður nemenda við Menntaskólann í Reykjavík til menntunar og þroska svo skólastarf geti orðið sem farsælast.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því að:

- ❖ Stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og vekja athygli á réttindum og skyldum nemenda og foreldra/forráðamanna.
- ❖ Tryggja gott samstarf foreldra/forráðamanna, nemendafélaga og starfsfólks skólans og vera jafnframt samstarfs- og samráðsvettvangur foreldra.
- ❖ Auka sýnileika og nánd foreldra/forráðamanna sem veiti skólastjórnendum, kennurum og nemendum stuðning og hvatningu.
- ❖ Auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.

5. gr. Félagsaðild

Félagsmenn eru sjálfkrafa allir foreldrar og forráðamenn nemenda skólans, nema þeir skrái sig sérstaklega úr félaginu.

6. gr. Starfstímabil

Starfstímabil félagsins er skólaárið, þ.e. frá skólasetningu að hausti til skólaslita að vori.

7. gr. Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Þátttakendur á aðalfundi geta verið allir félagsmenn samkvæmt félagaskrá við boðun aðalfundar.

Aðalfundur skal halda árlega á tímabilinu 1. – 31. október. Til fundarins skal boðað bréflaga með a.m.k. sjö daga fyrirvara með dagskrá. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um störf hennar og starfsemi félagsins
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

4. Ákvörðun félagsgjalds
5. Starfsáætlun lögð fram til kynningar og afgreiðslu
6. Stjórnarkjör
7. Breytingar á samþykktum félagsins
8. Önnur mál

8. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa sjö til níu félagsmenn. Stjórn skal kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi og skipta þeir með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur til fimm meðstjórnendum. Stjórnin stýrir félaginu í umboði aðalfundar í samræmi við starfsáætlun og samþykktir félagsins. Stjórnin skal halda gerðarbók þar sem fundargerðir eru skráðar. Einfaldur meirihluti stjórnarmanna ræður úrslitum í atkvæðagreiðslum innan stjórnar. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

9. gr. Félagsgjald

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld eru valkvæð og skulu innheimt árlega.

10. gr. Ráðstöfun rekstrarafgangs/hagnaðar

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til að styðja við tilgang og markmið félagsins.

11. gr. Breytingar á samþykktum

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn eigi síðar en 15. september. Breytingartillögur skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar og á sama hátt.

12. gr. Slit félagsins

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til Menntaskólans í Reykjavík.

Þannig samþykkt á aðalfundi Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík 8. október 2018.

undirritun stjórnarmanna, nöfn og kennitölur: